

Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu, 4.10. Október 2023, að Hafnarstræti 25, Hólmavík

Mætt: Sigurður Marinó Þorvaldsson, framkvæmdastjóri, Finnur Ólafsson, Sigríður Jónsdóttir og Þorgeir Pálsson stjórnarmenn. Í fjarbúnaði var Delphine Briois, Árneshreppi. Fundargerð rituð af Þorgeiri Pálssyni.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi

1. Hugsanleg leiga á húsnæði í sláturhúsinu
2. Önnur mál.

Fundur settur kl 15:15. Formaður bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir við fundarboðun.

Umræða:

1. Rætt var um þörfina fyrir húsnæði, nú og í framtíðinni. Fram komu efasemdir um að það samræmdist ímynd Hólmavíkur og þá sérstaklega „miðbæjar kjarnans“ að þar kæmi starfsemi Sorpsamlagsins. Einnig var bent á að lítið er vitað um kostnað við aðlögun starfseminnar að þessu húsnæði. Fundarmenn voru samt sammála um að núverandi húsnæði Sorpsamlagsins væri of lítið og að mikilvægt væri að finna framtíðarlausn. Leiga á Sláturhúsinu, væri ekki framtíðarlausn, en væri vissulega skammtímalausn, en ekki heppileg ímyndarlega séð. Rætt var um hugsanlegan kostnað við 400-600 m² stálbitahús sem gæti hentað. Byggingarfulltrúi, Grettir Örn Ásmundsson, kom inn á fundinn með vísbendingar um kostnað við slíkt hús. Er ljóst að um er að ræða kostnað upp á amk 100 milljónir. Nánari skoðunar er þörf. Einnig var rætt um þann kostnað sem færi í aðlögun og leigu og hversu hátt hlutfall af fjárfestingarkostnaði sú tala væri. Vandinn í dag snýst m.a. um að losunarrými er ekki fullnægjandi á Skeiði. Fundarmenn eru á því að Sorpsamlagið hafi gert rétt í að kaupa krókheysibíl með tilheyrandi fjárfestingu í gámum, en að nú væri komið að ákvörðun um stefnumótun til lengri tíma. Ýmis tækifæri voru rædd, m.a. fjölgun eigenda og/eða viðskiptavina og einnig hvort til greina kæmi að reisa brennsluofn.

Fundarmenn drógu umræðuna saman og niðurstaðan er eftirfarandi:

1. Finna þarf framtíðarlausn á húsnæðismálum Sorpsamlagsins
2. Skilgreina þarf eðli starfseminnar, nú og í framtíðinni
3. Meta þarf húsnæðisþörf út frá eðli starfseminnar
4. Gera þarf kostnaðarmat og kalla eftir tilboðum í nýsmíði húsnæðis.

Samþykkt samhljóða. Framkvæmdastjóri og formaður taka málið áfram

2. Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt.

Formanni falið að senda fundargerð til samþykktar með rafrænum hætti.

Fundi slitið kl 15.47.

Þorgeir Pálsson